

Erindi til Skipulags- og umhverfisnefndar frá H-listanum.
Óskað eftir að verði tekið fyrir á næsta fundi og birt í fundagerð.

Efni: Stöðuleyfi gáma og gámasvæði í Ólafsfirði.

Í gegnum árin hefur reglulega verið bent á óþrifnað af gámum og öðru dóti sem stendur á landi sveitarfélagsins á plani neðan við Kjörbúðina í Ólafsfirði. Svæðið er sannarlega ekki gámasvæði og hefur verið deiliskipulagt í tengslum við hafnarsvæðið og þarna eiga að vera bílastæði og svæði ætlað ferðapjónustu.

H-listanum er kunnugt um að reglulega hafa bæjaryfirvöld fengið ábendingar og kvartanir frá ýmsum aðilum vegna þessara gáma og að eitthvað verði gert til að fjarlægja þá og um leið fegra svæðið. Einnig hafa kvartanir borist beint til bæjarfulltrúa H listans.

Á myndunum hér að neðan ber að líta gámana og annað dót. (maí-2024)



Í Ólafsfirði er skipulagt gámasvæði við Vesturstíg og óskar H-listinn eftir því við bæjaryfirvöld að eigendum gámana verði gert að færa þá á það svæði eða farga þeim. Einnig að fjarlægja það sem stendur utan við gámana.

Í byggingareglugerð er fjallað um stöðuleyfi fyrir gáma í gr. 2.6.1. og 2.6.2. og hverjar heimildir sveitarfélagsins eru til að fjarlægja lausafjarmuni s.s. gáma.

Og talandi um gámasvæðið við Vesturstíg, þá teljum við líka vera þörf á því að farið sé yfir hverjir eiga þarna gáma og hvort ekki sé komin tími til að fjarlægja, að því er virðist, gamla og haugryðgaða gáma af svæðinu og gera það aðgengilegra fyrir þá sem óska eftir stöðuleyfi fyrir gáma og nýta sér þessa þjónustu. (endurraða á svæðinu) Tekið skal fram að þarna eru líka gámar til fyrirmyndar hvað útlit varðar.

Myndir hér að neðan eru teknar í maí 2024 af gámasvæðinu í Ólafsfirði



Fjallabyggð, 15. Maí 2024

F.h. H-listans

Helgi Jóhannsson

Þorgeir Bjarnason